

HANDBÓK

FYRIR SÝNENDUR FIT & RUN SÝNINGARINNAR SEM HALDIN VERÐUR Í LAUGARDALSHÖLL 22. OG 23. ÁGÚST 2019.

Sýningin **FIT & RUN** fer fram samhliða skráningarhátíðinni fyrir Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka sem fram fer dagana 22. og 23. ágúst 2019. Vista Expo er ábyrgðar- og framkvæmdaraðili sýningarinnar, hér eftir nefnd sýningarstjórn. Sýningin er haldin í samvinnu við Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka.

Heimasíða sýningarinnar er á slóðinni: www.fitrunexpo.is þar sem er að finna frekari upplýsingar um sýninguna.

1. gr. Uppsetning sýningarbása

Gólfsvæði með stöðluðu sýningarkerfi

Þeir sýnendur sem leiga gólfpláss með sýningarkerfi / bás, fá básinn sinn tilbúinn miðvikudaginn 21. ágúst kl. 13:00 til að stilla upp. Á þá sýningarbásinn að vera uppsettur, með skyggni, ljósum og merkingu með nafni fyrirtækisins framan á básnum. Sýnendur skulu hafa lokið við uppstillingu síns sýningarsvæðis fyrir kl. 13:00 fimmtudaginn 22 ágúst, en milli kl. 13:00 og fram að opnun kl. 15:00 verður sýningarsvæðið ryksugað og einnig mun dómnefnd á þeim tíma velja, flottasta og frumlegasta sýningarbásinn.

Sýnendur geta þannig unnið við sína bása á eftirfarandi tímum:

Miðvikudagur, 21. ágúst. Frá kl. 13:00 til kl. 20:00.

Fimmtudagur, 22. ágúst. Frá kl. 08:00 til kl. 13:00

Gólfsvæði ÁN staðlaðs sýningarkerfis

Þeir sem leigja gólfpláss án sýningarkerfis geta komið inn kl. **08:00** þriðjudaginn 20. ágúst í samráði við sýningarstjórn og byrjað að setja upp sitt sýningarsvæði.

Sýnendur geta unnið við sína bása á eftirfarandi tímum:

Þriðjudagur, 20. ágúst. Frá kl. 08:00 til kl. 20:00.

Miðvikudagur, 21. ágúst. Frá kl. 08:00 til kl. 20:00.

Fimmtudagur, 22. ágúst. Frá kl. 08:00 til kl. 13:00.

Sýningin verður formlega opnuð fimmtudaginn **22. ágúst nk. kl. 15:00.**

Sýnanda ber að klára uppsetningu og frágang á uppsettum tíma þar með talið þrif á og í kringum sýningarbás.

Ef sýnandi þarf meiri tíma til uppsetningar þarf að semja um það sérstaklega við sýningarstjórn. Efni í sýningarbása þarf að koma tilbúið til uppsetningar inn í Laugardalshöllina. Ekki er heimilt að smíða/saga eða mála leikmyndir eða annað efni innandyra nema í samráði við sýningarstjórn. Sé þörf á minniháttar lagfæringum á staðnum er sýnandi beðinn um að gera það utandyra í samráði við sýningarstjórn.

Sýnanda er bent á að hafa meðferðis brettatjakk eða hjólavagna ef þess gerist þörf vegna flutnings inn á sýningarsvæði. Rafmagnstjappar eru bannaðir þar sem þeir hafa valdið tjóni á gólfefni í húsinu. Einungis er leyfilegt að nota GAFFER límband ef festa þarf eitthvað með límbandi.

Heimilt er að hengja markaðsefni upp í loft og skal það gert í samráði við sýningarstjórn. Gert er ráð fyrir að almenn ljós í lofti Laugardalshallar verði dempuð eða slökkt meðan á sýningu stendur. Ljós í sýningarbásnum eru því afar mikilvæg auk þess sem að gangvegir verða sérstaklega upplýstir.

2. gr. Gólfpláss með sýningarkerfi (bás)

Gólfpláss með sýningarkerfi (sýningarbás) verða afmarkaðir með 2,5 metra háum skilveggjum með skyggni og lýsingu í bás og merkingu fyrirtækis. Ein merking, þ.e. nafn fyrirtækisins er sett á skyggni sýningarbáss, tvær merkingar á hornbása og er það innifalið í verðinu, hafi verið pantað sýningarkerfi fyrir gólfsvæði. Skyggni bása verða rauð með hvítum stöfum. Eitt ljós er innifalið á hvern 2,5 fm gólfpláss. Þannig eru t.d. um fjórir ljóskastarar í 10 fm bás.

Sýnendur skulu halda sig innan þess sölusvæðis sem sýnandi hefur til umráða samkv. samningi.

3. gr. Hæð bása

Stöðluð hæð sýningakerfabása er 2,5 metrar. Hægt er að fara hærra með bása, eða markaðsefni innan þess gólfsvæðis sem sýnandi hefur til umráða. Taka þarf ákvörðun um slíkt í samvinnu við sýningarstjórn.

4. gr. Undirbúningsfundir fyrir sýnendur

Haldinn verður einn undirbúningsfundir fyrir sýnendur þar sem farið verður yfir skipulag sýningarinnar og áherslur.

Þar verður m.a. farið yfir skipulag á uppsetningu sýningarinnar, þá þjónustu sem sýnendum stendur til boða fyrir sýninguna auk þess sem góð ráð verða gefin varðandi uppstillingu bása, framsetningu á vörum og hvernig hægt sé að ná betri árangri í sölu o.fl.

Undirbúningsfundurinn verður haldinn **fimmtudaginn 8. ágúst** nk. kl. 10:00 – 12:00 í Laugardalshöll (Inngangur A - **Salur 2 sem er á 2 hæð.**)

5. gr. Gólfefni

Sýningarsalur verður teppalagður svörtum teppaflísum sem Laugardalshöll útvegar og sér um að setja á og taka af. Ekki er leyfilegt að klippa, skera eða skrúfa í teppaflísar og ber sýnandi kostnaðarábyrgð sé það gert.

6. gr. Þjónusta við sýnendur við sýningarbásinn

Sýningarkerfabjónustuaðili sýningarinnar (Merking) býður upp á alhliða þjónustu við sýnendur fyrir sýningarsvæðið. Þannig er hægt að panta aukahluti fyrir sýningarsvæðið, teppi á gólf sýningarbáss, prentun á skilveggi og uppsetningu eða leiguhúsgögn fyrir sýningarsvæðið.

a. Þjónusta vegna aukahluta

Þjónustuaðili vegna aukahluta er Pawel hjá Merkingu – Expo í síma: 820-3604. Netfang: pawel@merking.is

7. Þjónusta vegna prents og uppsetningar þess

Þjónustuaðili vegna prentunar og aukahluta er jafnframt Pawel hjá Merkingu – Expo í síma: 820-3604. Netfang: pawel@merking.is

8. Rafmagn

Rafvirki sýningarinnar er Guðjón Guðnason rafvirki hjá Sýningarljósum ehf og þjónustar hann sýnendur með rafmagnstengla ljósabúnað og þess háttar. Síminn hjá Guðjóni er 896-5171 og netfangið: syningarljos@simnet.is

Sérstaklega þarf að óska eftir rafmagstengil í bás. Fast gjald er fyrir venjulegan rafmagnstengil, sjá verðskrá en venjulegur tengill miðast við notkun tölvu og skjá eða skjávarpa.

Ekki má samnýta rafmagnstengil milli bása svo tryggt sé að nægt rafmagn sé fyrir hendi.

Leigutaki þarf að slökkva á öllum raftækjum utan opnunartíma sýningar. Ef leigutaki hefur raftæki sem nauðsynlega þurfa að vera í gangi utan opnunartíma skal hann taka það fram þegar hann semur um rafmagnsnotkun. Sýnandi ber að ganga frá öllum rafmagnslögnum svo að ekki stafi hætta af þeim. Ekki er heimilt að leggja rafmagnslög á gólf sýningarbáss án þess að ganga frá þeim á viðeigandi máta.

9. gr. Þyngdartakmarkanir og upphengingar

Mismunandi þyngdartakmarkanir eru á gólfi hússins svo ef færa á hlut sem er þyngri en 1.000 kg. skal það gert í samráði við verkefnisstjóra Laugardalshallarinnar sem er Arna Kristín Hilmarsdóttir 618 3138.

Ef hengja á í loft hússins skal það gert í fullu samráði við sýningarstjórn á kostnað sýnanda, sjá gjaldskrá. Öll meðferð lyftubúnaðar eða lyftara er bönnuð nema í fullu samráði við starfsmenn Laugardalshallarinnar og sýningastjórn.

Sýnendum er óheimilt að fara upp í göngubrú í lofti, öll vinna sem fara þarf fram í lofti skal gerð í samráði við sýningarstjórn.

10. gr. Sýningarsvæði fyrir góðgerðarfélög

Góðgerðarfélögum er boðið upp á gólfsvæði með sýningarkerfi, sjá teikningu sýningarsvæðis. Þar er gert ráð fyrir að hvert góðgerðarfélag fái sýningarsvæði sem er 4 eða 6 fm. að stærð. Um er að ræða sýningarkerfabás með skyggni með nafni góðgerðarfélagsins og ljósum í básinn. Jafnframt fylgir með borð auk tveggja klappstóla á hvert félag. Góðgerðarbás er ætlaður fyrir góðgerðarsamtök og íþróttarfélög sem þannig er gefið tækifæri á að kynna starfsemi sína.

11. gr. Sýningardagar og tími

Sýningin er opin sem hér segir:

Fimmtudagur, 22. ágúst, frá kl. 15:00 til 20:00.

Föstudagur, 23. ágúst, frá kl. 14:00 til 19:00.

Gestum verður ekki hleypt inn á sýningarsvæðið eftir kl. 20:00 á fimmtudeginum og ekki eftir kl. 19:00 á föstudeginum.

Sýningin er opin þátttakendum Reykjavíkumaraþonsins og einnig almennum gestum báða sýningardaganna.

Frítt verður inn á sýninguna.

12. gr. Sorp og þrif

Gámaþjónustan er þjónustuaðili sýningarinnar. Sorpgámar verða staðsettir vestan megin við Laugardalshöllina fyrir sýnendur. 140 lítra sorptunnur verða á völdum stöðum innan sýningarsvæðis sem ætlaðar eru fyrir gesti sýningarinnar til að losa sig við sorp.

Þeir sýnendur sem bjóða upp á einhvers konar matvöru (smakk) sem neytt er á staðnum skulu hafa sorpílát á sínu sýningarsvæði og tæma þegar þess þarf og er sýnendum gefin kostur á að tæma í gámanna vestan vegin við Laugardalshöllina sem eru á vegum sýningarstjórnar.

Sýnendur eru með misjafnar þarfir varðandi losun á sorpi, þ.e. einhverjir eru ekki að bjóða upp á smakk, meðan aðrir gefa mikið magn af smakki sem getur fylgt mikið sorpmagn. Einnig vill oft falla til mikið magn af kössum utan af vörum sem verið er að selja eða gefa. Hver sýnandi hefur kost á að losa sig við sorp í gámanna vestan megin við Laugardalshöllina, að hámarki 0,5 m³. Aðrir sem áætla að vera með sorpmagn meira en 0,5 m³ er boðið að losa sig við það sjálfir eða í gáma hjá Höllinni samkvæmt verðskrá. Þeir sýnendur sem eru með kassa sem þeir þurfa að losa sig við, eru vinsamlegast beðnir um að brjóta saman, þannig að sem minnst fari fyrir þeim.

Sýnendur eru vinsamlegast beðnir um að láta sýningarstjórn vita ef tæma þarf ruslaílát á gangvegum nálægt þeim.

Sýningarstjórn biður sýnendum upp á þrif á bás milli sýningardagana, sjá verðskrá. Gólfsvæði sýningarsvæðisins er þá ryksugað og ruslaílát tæmd eftir að sýningu er lokað á fimmtudegi.

13. gr. Hávaðatakörkun

Breyting verður á svæðinu þar sem ACTIVITY STATION var áður. Þar verður núna sýningarsvæði en á sýningarsvæðinu verður fyrirlestrasalur þar sem dagskrá verður með fyrirlestrum sem tengjast sýningunni. Sýnendur eru velkomnir til að bóka tíma og halda þar fyrirlestra. Sýningin mun gera því góð skil á heimasíðu sýningarinnar og á Facebook. Reglan með tímanna verður, fyrstur kemur fyrstur fær. Vinsamlegast hafið samband við sýningarstjórn ef áhugi er á þátttöku.

14. gr. Öryggisgæsla

Sýningarstjórn verður með öryggisgæslu meðan á uppsetningu sýningarinnar stendur og einnig þegar niðurtaka sýningakerfa og búnaðar fer fram.

Sýnendur fá úthlutað hálsbandi með merkingu sem ber að vera með, bæði meðan á uppsetningu sýningarinnar stendur, meðan sýningin stendur yfir og þegar niðurtaka búnaðar á sér stað.

Sýnendur eru hvattir til að gæta að sínu nánasta umhverfi og vera vakandi yfir óæskilegum umgangi á sýningarsvæðinu. Öryggiskerfi Laugardalshallar verður virkt á meðan engin starfsemi er í húsinu. Hvorki sýningarstjórn né Laugardalshöll tekur ábyrgð á þeim vörum, munum og tækjum sem leigutaki flytur inn í húsið. Sýnanda er bent á að taka með sér verðmæti milli opnunartíma sýningar og skilja sýningarbás ekki eftir ómannaðan á meðan sýningu stendur.

15. gr. Eldvarnir

Allir sýningarbásar og leikmyndir þurfa að vera í samræmi við bruna- og byggingareglugerð. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins mun taka út sýningarsvæðið, að það uppfylli sett skilyrði áður en sýningin opnar. Sýningastjórn útvegar slökkvitæki á gangvegi sýningarsvæðis og tryggir að þau séu til staðar samkvæmt brunareglugerð.

Hvert sýningarsvæði (bás) stærri en 20 fm. skal, samkvæmt brunareglugerð vera með að lágmarki eitt slökkvitæki.

16. gr. Flóttaleiðir

Sýnendum er bent á að óheimilt er að hindra flóttaleiðir og þar með talið gangvegi sýningar. Sýnendum gefst kostur á að geyma vörur utan sýningarsvæðis, (bak við sýningarsvæðið) og er þá mikilvægt er að setja ekki vörur eða búnað á skilgreindar flóttaleiðir sem kynnt verður sérstaklega á undirbúningsfundum með sýnendum.

17. gr. Bílastæði

Sýnendur er beðnir um að leggja bifreiðum sínum ekki fyrir framan Laugardalshöll meðan á sýningu stendur. Næg bílastæði eru við Skautahöllina, Þróttaraheimilið, Laugardalsvöll eða sunnan við frjálsípróttahöllina. Þetta á þó ekki við þegar uppsetning og samantekt stendur yfir.

18. gr. Húsverðir

Tveir húsverðir á vegum Laugardalshallar verða á staðnum meðan á sýningu stendur og þegar uppsetning og niðurtækt sýningarbása fer fram. Hlutverk þeirra er að opna og loka húsinu, kveikja og slökkva á ljósum, fylgjast með loftræstingu og hafa eftirlit með salernisrýmum og öðrum almenningsrýmum.

19. gr. Niðurtaka sýningarkerfis

Sýningunni lýkur kl. 19:00, föstudaginn 23. ágúst. Niðurtaka skal hefjast strax eftir sýningu. Mikilvægt er að þjónustuaðili sýningarkerfa (Merking) komist sem fyrst í að taka niður stöðluð sýningarkerfi og þarf að vera búð að tæma básanna þannig að það sé mögulegt. Ef sérstök þörf er á, er hægt að ræða við starfsmenn Laugardalshallarinnar til að flytja rest af sýningarsvæðinu á laugardagsmorgni, frá kl. 09:00 til kl. 12:00, þ.e. það sem ekki tókst að taka á föstudagskvöldið.

Leigutaki er ábyrgur fyrir að hreinsa allt rusl úr sínum sýningarbás í þar til gerða gáma sem staðsettir verða í sal og fyrir utan húsið. Ef sýnandi telur sig þurfa lengri tíma við niðurtekt þarf hann að semja um það sérstaklega við sýningarstjórn.

20. gr. Framleiga sýningarsvæðis

Sýnandi er óheimilt að framleigja eða veita öðru fyrirtæki / einstakling aðgang að umsömdu sýningarsvæði nema í samráði við sýningarstjórn.

21. gr. Internet í Laugardalshöll

WiFi netsvæði er fyrir sýnendur þeim að kostnaðarlausu. Sýningarstjórn mun upplýsa sýnendur um það þegar að uppsetning hefst.

22. gr. Uppröðun sýningarbása

Sýningarstjórn áskilur sér rétt til breytinga á uppröðun eða fyrirkomulagi sýningarbása fram að 5 dögum fyrir sýningardag. Jafnframt áskilur sýningarstjórn sér rétt til breytinga á uppröðun eða fyrirkomulagi sýningarbása fram að sýningu ef þörf er á því vegna ábendinga sem kynnu að koma frá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins við úttekt á sýningarsvæðinu.

23. gr. Kynning sýningarinnar

Sýningin verður kynnt á heimasíðu sýningarinnar og á helstu samfélagsmiðlunum. Við hvetjum sýnendur til að kynna sýninguna fyrir sínum félagsmönnum / viðskiptavinum. Sýningarstjórn er ekki ábyrg fyrir mætingu gesta á sýninguna.

24. gr. Tryggingar

Sýnandi er ábyrgur fyrir að hafa gildar tryggingar vegna vinnu verktaka og eða starfsmanna á vegum sýnanda. Sýnandi getur verið ábyrgur gagnvart sýningarstjórn, öðrum sýnendum, starfsmönnum og gestum á meðan uppstilling, niðurtekt og vöru- og þjónustusýningin stendur yfir.

Reykjavík, 7. ágúst 2019

Sýningarstjórn